



Ávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við upphafa „opins húss” Háskólans á Akureyri
1. febrúar 1997

Heiðruðu samkomugestir.

Það er okkur hjónum sérstök ánægja að samfagna Háskólanum á Akureyri með 10 ára starfsafmæli og taka þátt í kynningu skólans á starfsemi sinni, kennslu, rannsóknum og fræðastarfi. Þótt starfstími skólans sé ekki langur hafa á þessum áratug orðið meiri breytingar á þekkingartækni mannkyns en á heilli öld á undan.

Við stofnun Háskólans á Akureyri drógu margir í efa að háskóli gæti starfað annars staðar en í höfuðborginni. Nú gerir veraldarvefurinn og margmiðlunin okkur kleift að hafa háskóla á hverju heimili. Umræðan um staðarval er úrelt. Hver og einn getur sótt þá menntun sem hugurinn girnist.

Tæknin breytist svo ört að erfitt er að átta sig á nýsköpun tækifæranna. Innan tíðar, jafnvel nú þegar, verður kennslustofa með samtímapáttöku nemenda, víða að úr veröldinni, jafn auðveldlega sköpuð í þrívíddarheimi sýndarveruleika vefsins og glærurnar voru kennslubylting þegar ég var að hefja háskólakennslu fyrir aldarfjórðungi síðan.

Háskóli er á okkar tíð fyrst og fremst samfélag, samheiti um skapandi tengsl kennara og nemenda. Skilin milli þeirra sem kenna og hinna sem nema falla brott því hraði nýsköpunarinnar er slíkur að oft fara nemendur fram úr kennurum á meðan á skóladvölinni stendur.

Nú er það sköpunin sem er mælikvarði um árangur. Í þeim efnum hefur glæsilega til tekist hér á Akureyri. Með opnu húsi sem hefst þessa morgunstund birtist afgerandi staðfesting á árangri ykkar.

Vissulega hafið þið oft glímt við erfiðleika. Þeir voru einnig tíðir gestir þegar við vorum tveir ungir menn settir í það árið 1970, rétt rúmlega tvítugir, að stofna til kennslu í Þjóðfélagsfræðum við háskólann í Reykjavík. Að ekki sé minnst á upphafstíð háskólakennslu Íslendinga sem varð að fara fram í þingflokksherbergjum Alþingishússins því ekkert annað húsnæði var til í borginni. Eða aðstaða Jónasar Hallgrímssonar og annarra skólasveina í Bessastaðaskóla fyrir meira en einni og hálfri öld síðan. Þrautarlaus hefur gangan aldrei verið hvorki hér á Akureyri, í Reykjavík eða á Bessastöðum.

Nú höldum við Íslendingar hinsvegar líkt og mannkyn allt til móts við nýja tíma. Tæknin hefur gert veröldina að einni menntastofnun. Skilin milli skóla og náms, heimilis og kennslustofu, ættjarðar og útlanda eru algjörlega horfin. Um leið og kveikt er á tölvunni gefur vefurinn samstundist aðgang að öllu því menntaefni sem í boði er, hvar sem er og hjá hverjum sem er.

Þessi byltingarkennda breyting er nú óðum að skapa nýtt hagkerfi sem nær um heiminn allan, hagkerfi sem ráða mun úrslitun um hagsæld og lífskjör á nýrri öld. Í þeirri þróun verður það menntunin, gæði hennar og endurnýjun, sem skipar einstaklingum, byggðarlögum og þjóðum til sætis. Gæfa okkar Íslendinga mun því enn frekar en áður ráðast af menntun okkar og hæfni. Það samfélag sem skapað er í skólun er lykillinn að árangri þjóðarinnar.

Í ræðu minni á nýársdag hvatti ég Íslendinga til að taka mið af þessari staðreynd. Þá sagði ég m.a. :

„Þótt margt megi reyndar bæta án nýs fjármagns er menntunin tvímælalaust arðvænlegasta fjárfestingin. Þjóðir sem vanrækja þá undirstöðu úrskurða eigin lífskjör úr leik á samkeppnisvelli veraldarinnar. Þær eiga á hættu að einstaklingar og fjölskyldur taki einfaldlega ákvörðun um að flytja burt og búa til lagframa þar sem betri kjör eru í boði.

Menntakerfið fóstrar ekki aðeins mannréttindi hvernar kynslóðar heldur einnig auðlegð landsins og sjálfstæði þjóðarinnar á nýrri öld. “

Þessi orð vil ég flytja hér á ný sem brýningu á hátíðardegi Háskólans á Akureyri. Ég óska ykkur allra heilla í framtíðinni og þakka fyrir þá ánægju sem þið veitið okkur Guðrúnu Katrínu með því að bjóða okkur að heimsækja ykkar á þessum tímamótum.